

Garðabæ 11. október 2007

Kynning á nýju riti samtaka atvinnulífsins á Norðurlöndum:

UPPSKRIFTIN AÐ FARSÆLLI NÝSKÖPUN



THE NORDIC RECIPE FOR SUCCESSFUL INNOVATION

Í ritinu er staða nýsköpunar á Norðurlöndunum sett í alþjóðlegt samhengi. Ellefu sögur af farsælli nýsköpun fyrirtækja eru sagðar og á grundvelli viðtala við frumkvöðla og stjórnendur fyrirtækjanna hafa samtök atvinnulífsins á Norðurlöndum tekið saman og birt uppskriftina að farsælli nýsköpun.

Fylgiskjöl:

Formáli og inngangur
The Nordic recipe for successful innovation
í íslenskri þýðingu.

Uppskriftin að farsælli nýsköpun
í íslenskri þýðingu.

„Nýsköpun er sérstök aðferð frumkvöðla
... við að skapa ný verðmæti úr því sem fyrir er.”

Peter Drucker, Innovation and Entrepreneurship, 1985

FORMÁLI

Nýsköpun og hugmyndaauðgi hefur aldrei verið mikilvægari en einmitt nú á tímum aukinnar alþjóðlegrar samkeppni og frjálsra viðskipta. Fyrirtæki sem ætla að ná árangri verða stöðugt að leita nýrra leiða og bjóða viðskiptavinum sínum upp á nýjar vörur og nýja þjónustu til að verða ekki undir í samkeppninni. Í löndum á borð við Indland og Kína er nú lögð stóraukin áhersla á rannsóknir og þróunarstarf og því þurfa fyrirtæki sem ætla að ná árangri heima og heiman að svara.

Norðurlandabúar eru aðeins um 25 milljónir talsins og heimamarkaður norrænna fyrirtækja fyrir sérhæfðar vörur og þjónustu því takmarkaður. Norðurlöndin hafa hins vegar reynst frjór jarðvegur fyrir nýjar hugmyndir og nýjar lausnir og á mörgum sviðum hafa Norðurlandabúar náð framúrskarandi árangri. Því má meðal annars þakka ríkri iðnhefð, vel menntuðu starfsfólki, umhyggju gagnvart velferð einstaklinga og heimsþekktum rannsóknarstofnunum. Í gegnum tíðina hefur útflutningur jafnframt verið samofinn norrænu atvinnulífi og ýtt undir þá hugsun að heimurinn allur sé aðeins eitt markaðssvæði. Ungt fólk á Norðurlöndum upplifir það nú í auknum mæli með bættum samgöngum og auknu frelsi í viðskiptum og telur allt gerlegt! Slík frumkvöðlahugsun er lífsnauðsynleg til að efla og viðhalda samkeppnishæfni Norðurlandanna.

Í þessu riti er að finna sögur af nokkrum farsælum fyrirtækjum á Norðurlöndunum. Saga þeirra og reynsla er öðrum hvatning og gott dæmi um hvernig nýsköpun getur lagt grunninn að farsælum rekstri og skapað auð og velferð sem nýtist bæði einstaklingum og samfélögum þeirra. Fyrirtækin koma úr ólíkum áttum en þrátt fyrir það eiga þau margt sameiginlegt eins og kemur í ljós við lestur þessa rits.

Uppskriftin að farsælli nýsköpun byggir á því sem sameinar fyrirtækin – grunninum að verðmætasköpun.

Ágúst 2007

Urban Bäckström
framkvæmdastjóri
Svenskt näringsliv

Finn Bergesen, Jr.
framkvæmdastjóri NHO
norsku samtaka atvinnulífsins

Hans Skov Christensen
framkvæmdastjóri
Dansk industri

Vilhjálmur Egilsson
framkvæmdastjóri
Samtaka atvinnulífsins

Leif Fagernäs
framkvæmdastjóri EK
finnsku samtaka atvinnulífsins

Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri
Samtaka iðnaðarins



INNGANGUR




Þetta rit sem samtök atvinnulífsins á Norðurlöndum hafa gefið út í sameiningu er það þriðja í röðinni. Haustið 2005 kom út *Uppskriftin að velgengni Norðurlanda á heimsvísu*, ári síðar kom *Í leit að bestu norrænu leiðinni* og nú *Uppskriftin að farsælli nýsköpun*. Útgáfan á rætur að rekja til þess að Norðurlöndin hafa vakið athygli á alþjóðavettvangi fyrir að skapa auð og velmegun. Löndin eru öll lítil og opin fyrir ytri áhrifum og samkeppni. Heimurinn allur er vettvangur Norðurlandabúa sem láta ekki landamærin stöðva sig þegar kemur að fjárfestingum, útvistun verkefna, ráðningu starfsfólks eða hagnýtingu þekkingar. Inn- og útflutningur er þeim mjög mikilvægur og í hlutfalli við landsframleiðslu verja Norðurlöndin öll miklu fé til rannsókna og þróunarstarfs, menntunar, samskipta- og upplýsingatækni.

Stjórnendur fyrirtækja á Norðurlöndunum búa að ríkri sameiginlegri hefð. Starfsmenn og stjórnendur vinna náið saman og starfsfólk er hvatt til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Lítil yfirbygging og opin skoðanaskipti skapa þannig grunn að frjóu starfsumhverfi sem hvetur fólk áfram og leiðir til nýrra uppgötvana.

Árlega birtir PRO INNO Europe yfirlit yfir frammistöðu einstakra þjóða á sviði nýsköpunar (European Innovation Scoreboard). Nýjustu niðurstöðurnar voru birtar í febrúar á þessu ári, en þær má nálgast á vefnum á eftirfarandi slóð www.proinno-europe.eu. Þar má m.a. finna meðfylgjandi mynd sem sýnir stöðu nýsköpunar í alþjóðlegum samanburði.



GLOBAL INNOVATION PERFORMANCE



Mælikvarðinn sýnir frammistöðu þjóða á sviði nýsköpunar og er samsettur úr fimm þáttum. Myndin sýnir að Finnland og Svíþjóð eru í fararbroddi en hin Norðurlöndin standa þeim ekki langt að baki. Þjóðirnar sem raða sér efst á listann standa vel að vígi á öllum sviðum mælikvarðans. Athugað er hversu hagstæðar ytri aðstæður eru til nýsköpunar (Innovation drivers), umfang fjárfestinga í rannsóknum og þróunarstarfi (Knowledge creation), umfang nýsköpunar í atvinnulífinu (Diffusion) er metið auk virðisauka nýsköpunarfyrirtækja (Applications) ásamt því sem umfang einkaleyfa og skráðra vörumerkja er skoðað (Intellectual property). Almenn er umhverfi nýsköpunar svipað á Norðurlöndunum en Ísland sker sig úr fyrir að verja miklu fé í rannsóknar og þróunarstarf en slæmu fréttirnar eru þær að það skilur ekki nægilega mikið eftir sig.

Svíar, Finnar og Danir eru í úrvalsdeildinni þegar kemur að nýsköpun en Íslendingar og Norðmenn þurfa að una því að vera í næstu deild fyrir neðan.

Mælikvarði *European Innovation Scorebord* er aðeins ein leið til að meta umfang og gæði nýsköpunar og kannski er engin ein rétt leið sem getur mælt nýsköpun eða hverju hún skilar. Rótgrónar atvinnugreinar hafa til að mynda gengið í gegnum ótrúlegar breytingar á undanföllum tveimur áratugum og mikil framþróun átt sér stað innan þeirra. Þrátt fyrir það eru afurðir í matvælaíðnaði, skógariðnaði og járníðnaði sjaldan taldar með þegar rætt er um hátækniáfurðir. Engu að síður treysta hefðbundnar atvinnugreinar á nýsköpun og hátækni í auknum mæli til að viðhalda samkeppnishæfni sinni, en það er erfitt að mæla umfangið.

Allt bendir til þess að vaxandi viðskiptaveldi í Asíu muni stórauka framlög sín til rannsókna og þróunarstarfs á næstu árum og áratugum. Til dæmis er áætlað að Kínverjar muni verja um 2,7% af landsframleiðslu sinni til rannsókna og þróunar árið 2020 en í dag er hlutfallið 1,35%. Ef efnahagslífið í Kína heldur áfram að vaxa með þeim hraða sem það gerir í dag má búast við því að frá Kína muni flæða nýjar hátæknivörur og þjónusta. Ef Norðurlöndin ætla sér að halda stöðu sinni geta þau aðeins brugðist við á einn hátt – þau verða að leggja stóruka áherslu á nýsköpun.

Eins og greint var frá hér að framan þá geymir þetta rit sögur af farsælum fyrirtækjum á Norðurlöndunum. Grunnurinn að velgengni þeirra er fólgin í kraftmiklu nýsköpunarstarfi sem hefur gert þeim kleift að uppfylla þarfir kröfuharðra viðskiptavina út um allan heim. Fyrirtækin eru ólík og sérhæfa sig á mismunandi sviðum og bakgrunnur þeirra er einnig mismunandi. Sum eru sprottin upp úr rannsóknum innan háskóla en önnur hafa orðið til í tengslum við þróunarverkefni stórra alþjóðlegra fyrirtækja. Samstarf rannsóknarstofnana og atvinnulífs hefur einnig getið af sér ný fyrirtæki og dæmi er um fyrirtæki sem eiga sér langa sögu en hafa treyst grundvöll sinn með nýsköpun og jafnvel skapað sér nýja framtíð með því að fara ekki troðnar slóðir. Nýsköpun verður til á ólíklegustu stöðum og er sjaldnast fyrirsjáanleg. Það getur sænskur frumkvöðull staðfest sem gerði uppgötvun lífs síns í miðju steypibaði löðrandi í sápu, en uppgötvun hans hafði mikil áhrif á nútímaarkitektúr og umgjörð ípróttaviðburða. Sögu hans er að finna hér á eftir.





Sögurnar af norrænu frumkvöðlunum og fyrirtækjum þeirra eru sagðar hver með sínum hætti. Allar varpa þær þó ljósi á þá þætti í sögu fyrirtækjanna sem lögðu grunninn að farsæld þeirra. Skapandi hugsun leikur þar lykilhlutverk en ekki síður skiptir miklu máli að í fyrirtækjunum var lögð áhersla á réttar aðstæður og andrúm til að skapandi hugsun gæti blómstrað og leitt af sér nýja sköpun. Afurðir fyrirtækjanna eru ólíkar og markaðirnir margvíslegir en þrátt fyrir það eiga fyrirtækin ýmislegt sameiginlegt. Reynsla þeirra er hér borin á borð og lykilþættir í velgengni þeirra birtir í *Uppskriftinni að farsælli nýsköpun!*



UPPSKRIFTIN AÐ FARSÆLLI NÝSKÖPUN

- Nýsköpun verður ekki til af sjálfu sér – hún er afrakstur markvissrar vinnu
- Til að nýsköpun beri árangur þarf að skapa frumkvöðlaanda og réttar aðstæður innan fyrirtækja
- Stjórnendur verða að styðja við nýsköpun frá upphafi til enda
- Langtíma stefnumörkun og framtíðarsýn er lífsnauðsynleg
- Finna verður nýsköpun réttan farveg til að hún beri árangur
- Leiddu saman fólk úr ólíkum áttum með ólíkan bakgrunn og menntun til að leysa krefjandi verkefni
- Veittu starfsfólki tækifæri til að viðra hugmyndir sínar – gott upplýsingaflæði innan fyrirtækja er lykilþáttur og mikilvægt að nýta reynslu úr ólíkum áttum
- Nýttu þekkingu sem er til staðar í öðrum atvinnugreinum í eigin rekstri
- Samstarf fyrirtækja við rannsóknarstofnanir er mjög mikilvægt
- Ný þekking verður til með samstarfi við háskóla og rannsóknarstofnanir og tengsl myndast við fólk með mikilvæga sérþekkingu
- Góð tengsl við viðskiptavini eru lífsnauðsynleg og langtímahagsmunir þeirra eiga að vera í fyrirrúmi
- Bregðast verður hratt við nýjum óskum viðskiptavina
- Mundu að heimurinn allur er eitt markaðssvæði
- Vöxtur ætti að vera forgangsmál á hverjum degi
- Gríptu tækifærin þegar þau gefast!